

Bjarna-Dísa

Kennsluleiðbeiningar

© Elva Brá Jensdóttir og Þorsteinn Surmeli 2013

Kennsluleiðbeiningarnar urðu til í námskeiðinu Kennsla íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands vorið 2013. Kennari: Þórunn Blöndal.

INNGANGUR

Um kennsluleiðbeiningarnar

Bjarna-Dísa eftir Kristínu Steinsdóttur kom út árið 2012 en áður hafði höfundurinn gefið út bókina *Ljósu* sem hlaut bæði Menningarverðlaun DV og Fjöruverðlaunin árið 2010. Kristín Steinsdóttir er einn af okkar ástsælustu höfundum en á árum áður samdi hún aðallega barnabækur ásamt því að skrifa leikrit, meðal annars með systur sinni, lðunni Steinsdóttur, sem einnig er meðal okkar fremstu barna- og unglingabókahöfunda. Kristín hefur hlotið mörg verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín, til að mynda Norrænu barnabókaverðlaunin árið 2003 fyrir bókina *Engil í Vesturbænum*.

Þessar kennsluleiðbeiningar eru einungis til viðmiðunar fyrir kennara en bókin er tilvalin til kennslu vegna liprar frásagnar Kristínar og tenginga við þjóðsögur. Lesandi lifir sig inn í aðstæður þar sem Kristín skapar réttu hughrifin og glæðir textann lífi með listilegum lýsingum á aðstæðum fólks á 18. öld. Samfélagið sem birtist í bókinni er mjög frábrugðið því sem nemendur í dag eiga að venjast og því býður bókin upp á margs konar útfærslur á verkefnum sem dýpka bæði skilning nemenda á þjóðfélagsbreytingum og textum frá ólíkum tímum.

Misjafnt er hvers konar kennsluaðferðir er best að nota og er það val kennara hverju sinni en við leggjum til þær aðferðir sem við höldum að henti vel við það verkefni sem við á. Umræður eru góður undirbúningur fyrir frekari verkefni og ef vel er að staðið geta þær vel skilað góðum árangri í kennslunni. Um tilgang þeirra í kennslu segir Sjöfn Guðmundsdóttir:

Umræður ættu fyrst og fremst að dýpka skilning okkar á viðfangsefninu. Þegar við komum okkar eigin orðum og hugsunum að námsefninu er líkleggra að við munum það betur og getum nýtt okkur það á markvissari hátt. Nemendur sem nýta umræðutíma til þess að viðra skoðanir sínar og hlusta meðvitað á annarra geta öðlast dýrmæta þekkingu og skilning sem

myndi annars ekki nást. Hver og einn ber ábyrgð á námi sínu og hvort hann leggi sig fram við að öðlast það sem hægt er (Sjöfn Guðmundsdóttir 2009).

Í verkefnunum er mikil áhersla lögð á sköpun nemenda enda eykur sköpun reynslu nemenda frekar en upplýsingaflæði (sjá Wright 2005: 22).

Þótt verkefni séu tölusett er kennaranum auðvitað í sjálfsveld sett í hvaða röð þau eru unnin eða hvort öll séu yfir höfuð lögð fyrir nemendum.

Um höfundinn og verk hans

Kristín fæddist á Seyðisfirði þann 11. mars árið 1946. Hún er dóttir hjónanna Arnþrúðar Ingólfssdóttur húsmóður og Steins Stefánssonar skólastjóra og áttu þau fimm börn. Kristín lauk stúdentsprófi frá Menntaskólann á Akureyri árið 1967. Hún hóf þá nám við Kennaraskóla Íslands og útskrifaðist þaðan sem kennari árið 1968. Eftir það lá leið hennar til Danmerkur þar sem hún nam dönsku og danskar bókmenntir við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn í einn vetur. Því næst flutti hún til Þýskalands þar sem hún stundaði nám í þýsku og þýskum bókmenntum á árunum 1972–1978. Kristín lét ekki staðar numið þar heldur hélt náminu áfram eftir að heim var komið. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í dönsku og þýsku frá Háskóla Íslands árið 1981 og ári síðar lauk hún prófi í uppeldis- og kennslufræðum (Birna G. Ástvaldsdóttir o.fl. 2001).

Kristín Steinsdóttir hefur verið ötull höfundur frá árinu 1987 og hafa bækur hennar almennt hlotið góðar viðtökur. Hún hefur skrifað um margvísleg efni en það er augljóst að hún hefur mikinn áhuga á þjóðfræði. Hún er vel að sér í þeim fræðum og ekki fer á milli mála að mikil rannsóknarvinna liggur að baki nýjustu verka hennar.

Kristín Steinsdóttir hefur fært sig smám saman frá barna- og unglingabókum yfir í sögur ætlaðar fullorðnum. Það má segja að *Engill í Vesturbænum* (2003) hafi markað tímamót á ferli hennar þar sem sú saga höfðar til breiðari lesendahóps en fyrri bækur hennar, eins og *Franskbrauð með sultu* (1987) og *Draugar vilja ekki dósagos* (1992) sem voru

mjög vinsælar barnabækur. *Engill í Vesturbænum* er barnabók en fullorðnir hafa einnig gaman af að lesa hana þar sem þeir lesa hana á annan hátt en börnin, eins og Katrín Jakobsdóttir segir í umfjöllun sinni um bókina:

Uppbygging sögunnar er nýstárleg í barnabók en hún er sett saman úr hugsanabrotum og hugleiðingum lítils drengs í Vesturbænum. Þessi brot mynda þó heildstæða sögu. Ekki er gerður greinarmunur á ímyndun og veruleika. Sagan hefur því tvöfalt ávarp þar sem fullorðnir lesendur geta greint á milli en ungir lesendur hrífast með inn í draumaheiminn. Með öðrum orðum má segja að börn og fullorðnir lesi ekki hið sama út úr sögunni (Katrín Jakobsdóttir 2003).

Helstu verk Kristínar eru:

Bjarna-Dísa (2012)

Ljósa (2010)

Á eigin vegum (2006)

Sólin sest að morgni (2004)

Engill í Vesturbænum (2002) – Barnabók

Krossgötur (2000) – Unglingabók

Kleinur og Karrí (1999) – Barnabók

Draugar vilja ekki dósagos (1992) – Barnabók

Stjörnur og strákapör (1989) – Barnabók

Fallin spýta (1988) – Barnabók

Franskbrauð með sultu (1987) – Barnabók

Um Bjarna-Dísu

Bjarna-Dísa fjallar um Þórdísi Þorgeirsdóttur sem var uppi á 18. öld. Í sögunni fær hún að fara með bróður sínum, Bjarna, upp á Hérað að heimsækja móður sína og systur, en sjálf er hún vinnukona á Seyðisfirði. Bjarni hafði verið sendur frá Seyðisfirði til Eskifjarðar að ná í ýmsan varning. Dísa, eins og hún er kölluð, dvelur á Þrándarstöðum, þar sem móðir hennar og systir eru matvinnungar, á meðan Bjarni fer á Eskifjörð að

útréttast. Þegar hann kemur tilbaka gistir hann en ákveður að fara snemma af stað vegna versnandi veðurs.

Dísa vill ólm fara með Bjarna tilbaka því hún óttast refsingu húsbónda síns og þrátt fyrir mótbáru allra á bænum veður hún á eftir honum út í kuldann. Henni er líst sem skapmikilli breddu sem kallar ekki allt ömmu sína en þrátt fyrir það reynist henni erfitt að halda í við Bjarna bróður sinn. Veður fer síversnandi, þau sjá varla glóru og loks er orðið ljóst að þau eru rammvillt. Bjarni tekur þá að grafa Dísu í fönn ásamt varningnum sem hann bar á bakinu og taldi Dísu trú um að hann yrði fljótur tilbaka með hjálp. Við tekur tími þar sem Dísa situr alein í myrkrinu uppi á heiði og ímyndar sér allt það versta enda myrkfælin með eindæmum. Hún er köld, svöng og örmagna.

Á milli kafla er listilega skipt um sjónarhorn og fá lesendur að vita hvernig Bjarna gengur að komast til byggða og hvað aðrir ættingjar hugsa á meðan óveðrið gengur yfir, vitandi af þeim systkinum uppi á heiðinni. Það líða fimm dagar þangað til Bjarni, ásamt Þorvaldi, Birni og Jóni vinnumanni, finnur Dísu aftur en þá var hún mjög illa haldin. Þegar Dísa sýnir lífsmark er Þorvaldur á því að hún sé afturganga og það þurfi að taka á henni sem slíkri. Þorvaldur þessi er sagður hjátrúarfullur maður og endurspeglar hann hugsunarhátt sögutímans. Eftir lestur bókarinnar situr lesandinn eftir með spurninguna hvort Dísa hafi í raun og veru látist af völdum ofkælingar eða hvort hún hafi hreinlega verið myrt vegna hugmyndafræði – sem sumir myndu kalla fáfræði – þess tíma.

Ljósa og Norðurljós

Kristín Steinsdóttir hafði áður skrifað bókina *Ljósu* (2010) en þar fer hún einnig aftur í tímann, á 19. öld, og segir frá formóður sinni sem átti við geðhvarfasyki að stríða. Ef marka má umfjöllun Úlfhildar Dagsdóttur (2010) er margt líkt með sögunum en þó er staða aðalpersóna ekki sú sama, Ljósa er dóttir hreppsstjórans en Dísa, sem hér er til umfjöllunar, er vinnukona sem hafði áður verið niðursetningur. Í báðum bókunum er fjallað um stöðu konunnar og hlutverk hennar og aðalpersónunnar þrá báðar frelsi, Dísa vill ferðast en Ljósa vill fá að sinna áhugamálum sínum sem maðurinn hennar er ekki

hrifinn af. Feður þeirra beggja eiga erfitt með að vera trúir sínum konum og eiga börn hingað og þangað en eru þó elskaðir og minnst með hlýju. Báðar sögurnar gerast á Austurlandi en Kristín Steinsdóttir er þaðan og þekkir því vel til staðarhátta á þeim slóðum (Úlfhildur Dagsdóttir 2010). Gagnlegt getur verið að kafa dýpra í þennan samanburð.

Einar Kárason gaf út bókina *Norðurljós* árið 1998 en þar er aðalpersónan Svartur uppi á 18. öld eins og Dísu. Í umfjöllun um bókina segir:

En uppi vaða óvandaðir menn, studdir af broguðu réttarfari, og þegar Svartur er enn á barnsaldri sundra þessir harðdrægu valdsmenn heimili hans og flæma bróður hans í útleigð. Upp frá því er ævi hans mörkuð þrotlausri leit að réttlæti sem hvergi finnst, að hefnd fyrir óbætanlegar misgjörðir (*Mbl.is* 1998).

Þetta er í samræmi við atburði úr bókinni *Bjarna-Dísu* en þar er fjölskyldunni tvístrað af yfirvöldum og börnin send í sitthvora áttina. Það er átakanlegt að lesa um það þegar Dísu reynir að stinga af en er elt uppi af bæði hundum og mönnum, þar sem hún slæst um og reynir að rífa sig lausa. Bókmenntir sem segja frá þessum tíma gefa manni innsýn í hvernig hagir fólks voru og þann ískalda veruleika að fjölskyldur gátu oft ekki verið saman (*Mbl.is* 1998).

VERKEFNI 1

Íslensk samfélag á 18. öld

Áður en nemendur lesa *Bjarna-Dísu* er gagnlegt að fjalla um íslenskt samfélag og hugsunarhátt manna á 18. öld. Samstarf við sögukennara hentar vel í þetta verkefni. Verkefnið er hópverkefni þar sem hver hópur fær úthlutað – eða velur – einn af eftirfarandi punktum og flytur fyrirlestur í tíma:

- Lífskjör hins almenna borgara í sveitum á 18. öld
- Staða vinnufólks (og þeirra sem voru lægra settir en vinnufólkið)
- Menntun og læsi á 18. öld almennt
- Húsakynni og klæðnaður á 18. öld
- Hver er munurinn á íslensku samfélagi á 18. öld og nútímasamfélagi
- Hvaða erindi á sagan við nútímamanninn? Af hverju ætti okkur ekki að vera sama um það hvernig fólk lifði sem löngu er farið?

Markmið: Eftir tímann, þar sem nemendur hlusta á samnemendur sína kryfja ákveðna þætti, er auðveldara fyrir þá að setja sig í spor persóna þegar þeir hefja lestur. Það eykur einnig víðsýni þeirra og umburðarlyndi ásamt því að vera þroskandi.

VERKEFNI 2

Káputexti

Á kápu bókarinnar er eftirfarandi texti:

Þórdís Þorgeirsdóttir fæddist í lágum torfkofa austur á landi á 18. öld, öld hjátrúar og hindurvitna. Afdrif hennar urðu efni í grimmilega þjóðsögu. En hver var hún, stúlkan sem sagan nefnir Bjarna-Dísu?

Hér fær Dísa sjálf orðið, bláfátæk en lífsglöð stúlka sem stritar frá barnæsku til að hafa í sig og á. Daginn sem hún heldur upp á heiði ásamt Bjarna bróður sínum er vonskuveður en skyldan kallar, þau eru vinnuhjú og þurfa að standa sig. Á ískaldri heiðinni bíða þeirra átök við öfl náttúru og myrkurs ...

- Ljúkið þessum texta og segið hvað muni gerast og hvernig sagan enda (um 200 orð).
- Mikilvægt er að nemendur vinni þetta verkefni *áður* en þeir hefja lestur á bókinni.

Markmið: Verkefnið eflir sköpun nemenda þar sem þeir neyðast til að gera sér í hugarlund um hvað sagan fjallar.

VERKEFNI 3

Fyrsta síðan

Á fyrstu síðu *Bjarna-Dísu* segir:

Fimmtán, sextán, sautján, átján, níttján og tuttugu. Ég held áfram að stökkva og öskra. Svitanum slær út um mig. Hendi sjalínu, lambhúshettan og vettlingarnir fara sömu leið. Og pilsin, fyrst eitt, svo annað.

Það er farið að skyggja. Stjörnurnar komnar fram. Þvílík himnafesting! Og máninn rennur upp eftir Strandartindi. Hann hlær að mér. Skellihlær!

Þarna er stjarna, skær stjarna! Herra minn trúr! Nú klífur hún himininn og hrapar. Þá er einhver feigur.

(Hlusta má á upplestur höfundar á þessum kafla í viðtali hér:

<http://www.ruv.is/bokmenntir/bokin-um-bjarna-disu>)

Kaflinn er örstuttur og á undan kafla númer eitt. Athyglisvert er hvernig lesandanum er kippt inn í söguna með því að fá strax innsýn í hugarheim Dísu þegar hún er aðframkomin af þrekleysi á heiðinni. Það er strax ljóst að ekki er allt með felldu og ákveðin geðshræring er í upphafskaflanum. Þetta vekur upp forvitni lesandans svo hann má til með að halda áfram lestrinum. Setningin: „Þá er einhver feigur“ fær lesandann til að hugsa við hvern sé átt og það hvarflar að honum að þessi persóna sem talar muni hljóta þau örlög.

- Taka má þennan upphafskafla í umræðum um bókina og varpa fram spurningum til nemenda um hvaða tilgangi þessi kafli þjónar, af hverju er ekki hefðbundin kynning á persónum í upphafi bókarinnar? Hefur þessi kafli einhvern tilgang.

Misjafnt er hvernig höfundar velja að byrja bók sína en vissulega er það alltaf úthugað og gegnir ákveðnum tilgangi. Hér eru dæmi um hvernig fyrsta efnisgrein bókar getur verið mismunandi:

Úr bókinni *Móðir Kona Meyja* (1987) eftir Nínu Björk Árnadóttur:

Kvíddu ekki því því

Stúlkan gengur upp á heiðina.

Gengur í bjartri sumarnóttinni. Gengur upp á heiðina. Hún veit að hún mun láta fóstrinu. Barninu ofurlitla sem hefur lifað inni í henni í fjóra mánuði. Barninu ofurlitla sem var þó of stór baggi fyrir hana eins og hún var. Sem varð því að deyja. Og skyldi nú deyja. Hér á heiðinni skyldi hún nú láta það deyja.

Úr bókinni *Horfðu á mig* (2009) eftir Yrsu Sigurðardóttur:

Kötturinn lét lítið fyrir sér fara og skýldi sér í myrkrinu á bak við beran en þéttan runnann. Hann gætti þess að vera grafkyrr og leyfði sér þá hreyfingu eina að renna gulum glyrnunum fram og til baka; var samviskusamlega á varðbergi gagnvart því sem deildi nóttinni með honum. Þótt mennirnir sem gáfu honum að éta væru löngu búnir að gleyma því, þá vissi kötturinn að í myrkrinu leyndist ýmislegt sem ekki þreifst á meðan sólin skein.

Það lét á sér kræla þegar værd næturinnar færðist yfir og mennirnir lögðu ómeðvitað niður varnir, um það leyti sem skuggar hurfu, eða tóku völdin, allt eftir því hvernig á það var lítið. Kötturinn hafði ekki enn gert það upp við sig, enda mátti það einu gilda: hann naut þessa tíma sólarhringsins, þó að hárin risu reglulega á meðan hann beið eftir því óvænta, því slæma sem beið færís. Allt sem ekki þoldi birtu daganna var nú frjálst, skúmaskotin runnin saman við umhverfið, allt jafn dimmt og einmanalegt.

Úr bókinni *Skaparinn* (2008) eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur:

Föstudagur & föstudagskvöld

Sveinn hengdi þá síðustu til þerris, krókurinn gekk inn í hálsinn aftanverðan. Gatið eftir krókinn yrði blessunarlega hulið silkimjúku hári þegar búið væri að setja á þær hausinn. Hann kom fyrir metralöngu priki milli ökkla; það var mikilvægt að láta þær þorna dálítið glenntar, annars var hætt við að þær yrðu erfiðar viðureignar eins og angistarfullar jómfrúr. Og þarna héngu þær, allar fjórar af líkamsgerð fjögur. Hann rétti úr sér, studdi votri og aumri hendi á mjóhrygginn og dáðist að litnum á þeim, hunangsgylltum eins og þær hefðu ráfað naktar í sólskini dempuðu af örfínni skýjaslæðu heilt sumar. Litablandan hafði

heppnast fullkomlega og hann áminnti sig í hljóði um að skrifa hjá sér hlutföllin áður en fennti yfir tölurnar í minninu.

Í fyrsta og þriðja dæminu fáum við sjónarhorn aðalpersónunnar án þess þó að kynntar séu aðstæður eða persónuhagir hennar nánar en í sýnishorninu úr *Horfðu á mig* er köttur notaður til að kynda undir áhuga á því sem er í vændum. Athyglisvert er að skoða hvað það sé sem kveikir áhuga lesandans á því að halda áfram lestrinum og má einnig tína til dæmi um byrjun bókar sem kveikir engan neista. Upphafskafli er kveikjan og þarf hann því að vera áhugaverður og freistandi.

- Hvaða yfirbragð hefur inngangskaflinn í *Móðir Kona Meyja*? Ræða má um hlutverk endurtekninga í kaflanum og hvort þær séu nauðsynlegar. Einnig má fjalla um orðaval eins og *barninu ofurlitla* og *baggi* sem vísar hvort tveggja til fóstursins sem á að eyða á heiðinni.
- Í öðru dæminu, úr bókinni *Horfðu á mig*, má fjalla um hvernig orð eru valin til að lýsa aðstæðum. Notuð eru orð sem lýsa því hversu skuggalegt og dularfullt er um að litast og nær höfundur fram ákveðinni stemningu með orðavali sínu.
- Í þriðja dæminu aftur á móti er talað hversdagslega um aðstæður sem við eigum ekki að venjast. Ræða má um hvaða áhrif það hefur að láta það liggja á milli hluta hvað sögupersónan er nákvæmlega að gera. Vekur það athygli? Hefði verið áhrifameira að hafa frásagnarstílinn dularfyllri?

VERKEFNI 4

Umræður um viðtal við höfund

Hér er viðtal við Kristínu Steinsdóttur: <http://www.ruv.is/bokmenntir/bokin-um-bjarna-disu>. Í viðtalinu kemur meðal eftirfarandi fram: Kristín hefur alist upp við sögur af Bjarna-Dísu enda alin upp á Seyðisfirði. Eftir því sem hún eltist furðaði hún sig meira og meira á sögunni því í henni er gefið í skyn að Dísa væri algjör bjáni sem vildi ekki klæða sig vel, hugsaði bara um tískuna. Hún hafði farið til borgarinnar og þá er gefið í skyn að það hafi þótt neikvætt og Dísa orðið þjattrófa af því. Kristín velti því fyrir sér af hverju enginn setti spurningamerki við þetta, það gæti ekki verið satt að Dísa hafi farið yfir Fjarðarheiði svona illa klædd. Hún ákveður að gerast málssvari Dísu og segja sögu hennar eins og hún heldur að hún hafi verið.

Dísa er vinnukona, búin að vera niðursetningur, og vinnur fyrir fæði og húsnæði. Vinnukonur þurftu að vinna mjög mikið og ef þær voru röskar þurftu þær að þjóna tveimur karlmönnum, þ.e.a.s. þvo fötin þeirra eftir vinnudaginn og bæta ef þyrfti. Annars sáu þær aðeins um einn karl. Svo það var ágætt að vera latur. Dísu er líst sem svarra í skapi sem fór fram með offorsi - hún þótti vera komin út fyrir sinn stand en Kristín segir hana hafa verið greinda stúlku sem vildi kannski bara eitthvað meira. Henni hefndist fyrir það og verið er að hnýta í að hún hafi verið ákveðin.

Kristín segir að á heiðinni gerast svo atburðir sem varða við lög og hún furðar sig á því að lærðir menn, prestar og sýslumenn, hafi látið það viðgangast.

- Um þetta má ræða. Kennari gæti til að mynda hafið umræður með eftirfarandi spurningum: Réttir skáldsagan hlut Dísu eins og markmið höfundar var að hún gerði? Hefur skáldskapurinn einhver áhrif á sagnfræðina? Gott væri að styðjast við umræðuaðferð sem kallast könnunarsamræður (e. *Exploratory Talk*) þar sem þátttakendur vinsa úr mikilvægar upplýsingar frá öðrum og vinna úr á uppbyggilegan en gagnrýninn hátt. Þessi kennsluaðferð krefur alla nemendur um að vera virkir og taka þátt í umræðunum. Lokaniðurstaðan

byggir þannig á skoðunum og hugmyndum allra (sjá Þórunn Blöndal 2004: 9; einnig Mercer 2000).

Best er að umræður sem þessar fari fram þegar nemendur hafi lokið við lestur.

Markmið: Að nemendur velti fyrir sér markmiði höfundar með skrifunum og hvort að þeim hafi verið náð. Einnig þjálfast nemendur í að gera grein fyrir skoðunum sínum og virða skoðanir annarra.

VERKEFNI 5

Hjátrú fyrr og nú

Þjóðsagan Bjarna-Dísa gerist á 18. öld þegar hjátrú var stór hluti af menningunni. Í neðanmálgrein við söguna í útgáfu Jóns Árnasonar segir að Þorvaldur Ögmundarson, persóna í sögunni, hafi verið „maður vandaður, en með hjátrú eins og margir á 18. öld“. Fjallið um þessa fullyrðingu Jóns.

- Finnið dæmi um hjátrú í *Bjarna-Dísu*.
- Hvers konar hjátrú ríkti hér á landi á þessum tíma? Finnið heimildir á netinu og í prentuðum bókum.
- Er hjátrú enn við lýði hér á landi? Hvers konar hjátrú? Er hún frábrugðin hjátrú á 18. öld?

Kennari ákveður hvort nemendur skili þessu verkefni í formi ritgerðar / greinargerðar eða sem fyrirlestri. Mikilvægt er að nemendur velji einn ákveðinn þátt og afmarki efnið vel.

Markmið: Að nemendur setji sig í spor persóna á sögutíma og velti fyrir sér muninum á menningu og heimsmynd fyrr og nú.

VERKEFNI 6

Jón Bjarnason

Bjarna-Dísa er um sömu atburði og sagt er frá í þjóðsögunni um Bjarna-Dísu en eins og rithöfundar þurfa ávallt að gera velur Kristín ákveðið sjónarhorn og frásagnarstíl. Í lok þjóðsögunnar segir eftirfarandi: „Og lýkur svo hér að segja frá Bjarna-Dísu, og er sagan hér skrifuð eftir því, sem Þorvaldur sagði hana sjálfur.“ Þessi frásögn er þannig byggð á upplifun Þorvaldar og sama er að segja um sögu Kristínar. Hugsanlega upplifði Jón Bjarnason atburðinn með öðrum hætti.

- Setjið ykkur í spor rithöfundar og skrifið frásögn Jóns af þessum örlagaríku atburðum, allt frá því að Bjarni knýr á dyr í Fjarðarseli og þar til föruneysið finnur Dísu (um 300–500 orð). Munið að persónusköpunin þarf að vera trúverðug og hans hugsanir – sem koma hvorki fram í þjóðsögunni né skáldsögunni – þurfa að koma fram. Styðjist við lýsingar í bæði þjóðsögunni og skáldsögunni

Hér er hlekkur á þjóðsöguna: <http://www.snerpa.is/net/thjod/bjarnadi.htm>

Markmið: Að nemendur geri sér grein fyrir hvernig rithöfundar vinna; hvernig þeir þurfa að velja ákveðið sjónarhorn, fylla í eyður o.s.frv. Verkefnið krefst mikillar sköpunar af nemendum.

VERKEFNI 7

Málfar

Þar sem *Bjarna-Dísa* byggir að miklu leyti á þjóðsögunni um Bjarna-Dísu er athyglisvert að bera saman ýmsa þætti þessara ólíku texta.

- Berið saman orðaforða í þjóðsögunni og skáldsögunni. Hvað er líkt og hvað er ólíkt? Reynir Kristín að einhverju leyti að nota málfar 18. aldar eða er það að öllu leyti nútímalegt? Athugið súkkulaðiathugasemd í fyrrnefndu viðtali.
- Finnið orð í textunum sem þið vitið ekki hvað merki. Glósið og flettið þeim svo upp. Hvaða orð mynduð þið frekar nota?
- Veljið persónu hér að neðan og gerið ítarlega grein fyrir málfari hennar. Sýnið dæmi um orð eða stíl sem viðkomandi notar. Hvernig myndi þessi persóna tala í dag?
 - Dísa / Bjarni / Þorvaldur / Manga
- Finnið orð sem ykkur finnst glæða textann lífi. Hvað er það við þau sem hefur þessi áhrif?

Þetta verkefni er gott að vinna í hópum eða pörum. Nemendur þurfa að leggjast yfir ákveðin textabrot sem kennari velur eða þeir sjálfir og bera saman við texta þjóðsögunnar í heild sinni.

Í þeim hluta verkefnisins sem snýr að málfari persónanna væri tilvalið að leyfa nemendum að ráða hvernig þeir skiluðu niðurstöðum sínum, þeir gætu tekið upp myndband af sér að tala eins og viðkomandi persóna (bæði í sögunni og nútímanum) eða búið til vísu/lag sem endurspeglar talsmáta persónunnar.

Markmið: Að nemendur velti fyrir sér orðaforða ólíkra tíma og með hvaða hætti rithöfundar reyna að gera sögu sína trúverðuga. Með því að glósa ákveðin orð og reyna að finna önnur í staðinn er líklegt að þau festist betur í minni nemenda og þeir auki þannig orðaforða sinn.

VERKEFNI 8

Ritunarverkefni

Nauðsynlegt er að nemendur þjálfist í ritun ólíkra textategunda. Hér á eftir fara nokkur verkefni sem reyna á sköpun og að nemendur setji sig í spor sögupersóna.

- Skrifðu skeyti frá Bjarna til móður sinnar þar sem hann segir henni fréttirnar.
- Skrifðu heilsíðugrein í dagblað, 500–1000 orð, um atburðina á heiðinni. Fléttið inn í umfjöllunina viðtölum við þá Bjarna, Þorvald og Jón þar sem kemur fram þeirra sjónarmið.
- Skrifðu minningargrein um Dísu frá Möngu systur hennar.
- Ímyndið ykkur að Dísu hafi lifað þetta af. Skrifðu dagbókarfærslu þar sem hún lýsir upplifun sinni þegar mennirnir komu að henni nær dauða en lífi og segið frá því hvernig hún jafnaði sig þegar heim var komið. Hvað tók við þegar hún komst loksins heim?
- Nú ert þú draugurinn Dísu. Hvað fer í gegnum huga þinn þegar þú ásækir Bjarna bróður þinn og alla hans fjölskyldu? Lýstu því rækilega hvernig þú ferðast á milli staða, hvernig þú velur fórnarlömbin, hverjum þú hlífir og af hverju.
- Setjið ykkur í spor Möngu, systur hennar Dísu, og ímyndið ykkur að hún hafi elt þau Bjarna upp á heiði. Hvað gerist?
- Ímyndið ykkur að eitthvað hafi gerst áður en Dísu og Bjarni lögðu af stað sem olli því að þau töfðust um einn dag. Hvað var það og hvaða afleiðingar hafði það í för með sér?
- Breytið sögunni. Hvernig endar sagan ef það er Bjarni sem örmagnast og það kemur í Dísu hlut að ná í hjálp?
- Dísu hafði komið til Reykjavíkur, sem þótti ekki mjög gott þarna í sveitinni. Skrifðu tvö skeyti frá þeim tíma, annars vegar frá Dísu þar sem hún skrifar vinkonu sinni um dvöl sína og hinsvegar frá húsfreyjunni, sem Dísu var vinnukona hjá, þar sem hún skrifar móður sinni um dvöl Dísu í Reykjavík.

- Skrifðu dómsmál um valið atvik sem sagt er frá í sögunni og myndi teljast til afbrots í dag (kynferðisbrot, morð, barsmíðar eða annað). Leitið að dómum á vef héraðsdómsstólanna, lesið nokkra þeirra og reynið að skrifa í sama stíl: <http://www.domstolar.is/domaleit/>.

Markmið: Að nemendur þjálfist í ritun ólíkra textategunda. Verkefnin efla einnig sköpunargáfu nemenda.

VERKEFNI 9

Persónur

Lýsið persónueinkennum, aðstæðum og viðmóti:

- Dísu
 - Bjarna
 - Möngu
 - Guðmundar bónda
 - Móður Dísu og þeirra systkina
-
- Hvað er það sem mótar persónuleika þeirra að ykkar mati?
 - Hvernig er samband Dísu og Bjarna og hvernig hefur það verið í gegnum tíðina?
 - Gerið samanburð á Dísu og Möngu systur hennar. Hvað er líkt og ólíkt með þeim?
 - Rökstyðja þarf með dæmum úr bókinni.
 - Skapið nýja persónu og komið henni fyrir í sögunni. Hver er þetta og hvaða hlutverki gegnir hún í sögunni? Breytir viðkomandi einhverju?

Markmið: Að nemendur glöggvi sig á persónusköpun í skáldsögunni og geri grein fyrir henni með sínum orðum.

VERKEFNI 10

Veður

Veðrið hefur ávallt skipað stóran sess í lífi Íslendinga og er engin undantekning þar á í *Bjarna-Dísu*.

- Hvaða áhrif hafa veðurlýsingar á söguna?
- Skriðu lista af lýsingarorðum sem tengjast veðrinu á einn eða annan hátt og skoðu hvað þau eiga sameiginlegt.
- Tengdu veðurlýsingar við sálarástand Dísu. Er einhver breyting eftir því sem líður á söguna?
- Vitið þið um fleiri sögur þar sem einhver hefur orðið úti? Þekkið þið einhvern sem hefur komist í hann krappan í íslenskri veðráttu?

Þetta væri tilvalið sem paraverkefni því það þarf að leita töluvert í bókinni og það væri gott fyrir nemendur að geta sammælst um hvað fer á listann. Það væri gott að láta þá flytja niðurstöður sínar, þar sem þeir tengja saman veðurlýsingar og sálarástand Dísu.

Síðasti liðurinn væri kjörinn fyrir heimaverkefni þar sem nemendur myndu finna aðrar sögur af sambærilegum atburðum og grennslast fyrir hjá eldra fólki í fjölskyldunni hvort einhver hafi lent í slæmu veðri. Nemandi kynnir svo í tíma að hverju hann komst í rannsóknarvinnu sinni.

Markmið: Að nemendur öðlist færni í að leita í textanum að ákveðnum lýsingum og ákveða hvað eigi best við. Einnig reynir þetta á túlkun þeirra og mismunandi útgáfur koma eflaust úr tengingunni við sálarástand Dísu en það eykur sjóndeildarhring þeirra að fá að heyra hvað aðrir höfðu að segja um málið. Nemendur æfa sig í að koma fram og „spjalla“ óformlega um að hverju þeir komust.

VERKEFNI 11

Draugar

- Hvernig ver Dísá sig fyrir draugunum og forynjunum sem hún heldur að séu á sveimi í kringum sig uppi á heiði? Hvað heldur hún að gerist ef hún hættir því?
- Hvað haldið þið að hafi framkallað þessi hljóð sem hún vill meina að séu frá ófreskjum?
- Lýsið því hvernig þessar verur líta út og hvernig þær hegða sér.
- Hvernig á að verjast þeim samkvæmt bókinni?
- Í bókinni talar Dísá um Hallinkjamma, hver var það? Farið inn á: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=953382&lang=4. Skoðið svo blaðsíður 107–108 í bókinni og berið saman umfjöllunina um hann. Gerið grein fyrir hvað kemur fyrir í hvorum texta fyrir sig.

Tillögur að umræðum kennara og nemenda:

- Hverjir ganga aftur og hvers vegna?
- Hugsanlegar orsakir trúar fólks á óvætti o.þ.h. á 18. öld.
- Finnið aðrar útskýringar á atburðum/hljóðum/sýnum sem bentu til að verur væru á sveimi.

Markmið: Að nemendur geri sér grein fyrir hvers konar verur voru á sveimi á öldum áður. Nemendur velta einnig fyrir sér muninn á skáldskap og veruleika og hvernig rithöfundar nýta sér yfirnáttúrulegar verur sem hefur vissulega áhrif á lestrarupplifun.

VERKEFNI 12

Bygging

- Fjallið um tilgang þess að höfundur fer fram og aftur í tíma í gegnum söguna. Af hverju var ekki byrjað á byrjuninni? Hvaða hlutverki gegna þessi endurlit?
- Gerið grein fyrir andstæðum í sögunni og lýsið í hverju þær felast. Það geta verið persónur, lífskjör, viðmót o.fl.
- Hvaða stílbrogð eru notuð til að skapa spennu og gera söguna draugalega?

Umræður:

- Hver er hápunktur sögunnar og hvað einkennir slíkt í skáldsögum? Hér má hafa í huga hversu seint hápunktinum er náð í sögunni og ræða hvaða áhrif það hefur á upplifun lesandans.

Markmið: Að nemendur átti sig á að rithöfundar byggja skáldverk með ákveðnum hætti og þjálfist í að gera grein fyrir slíkri byggingu. Byggingin hefur töluverð áhrif á lestrarupplifun og túlkun.

VERKEFNI 13

Innri og ytri tími

- Hver er innri tími sögunnar? Rökstyðjið með ítarlegum útskýringum.
- Við vitum að ytri tími sögunnar er 18. öld en ef það stæði ekki á bókarkápunni, hvernig gæti maður séð það út frá lestrinum einum?
 - Íhugið hvernig persónur tala og klæða sig ásamt því að huga að hýbýlum þeirra.
 - Er minnst á einhverja sögulega atburði í sögunni sem geta gefið vísbendingu um á hvaða tíma sagan gerist?

Markmið: Að nemendur átti sig á tímanum sem líður innan skáldverksins.

LOKAVERKEFNI

Verkefni 14 og 15 saman henta vel sem lokaverkefni þar sem vinna við þau krefst bæði tíma og góðrar þekkingar á sögunni.

VERKEFNI 14

Veggspjald

- Nemendur búa til auglýsingu í formi veggspjalds fyrir kvikmyndina *Bjarna-Dísu* sem frumsýnd verður á næstunni. Á veggspjaldinu þurfa eftirfarandi atriði að koma fram:
 - leikarar
 - slagorð
 - titill og undirtitill
 - fleira sem nemendum finnst þurfa að koma fram

VERKEFNI 15

Stuttmynd

Nemendur búa til handrit að stuttmynd eftir bókinni sem þeir skila til kennara. Gott væri að hafa 3–4 saman í hóp og gerð er krafa um skýra verkaskiptingu. Kennari dreifir handritunum frá nemendum handahófskennt á milli hópanna þar sem jafningjamat á sér stað áður en vinna við myndina hefst. Þar gefst svigrúm til lagfæringa og fínþússunar á handriti.

- Nemendum er falið að velja hvers konar mynd þeir ætli að gera; leikna stuttmynd, brúðumynd, mynd þar sem myndlist er notuð til að segja söguna, tölvuteikning eða hvað sem þeim dettur í hug.

- Kennari ákveður með nemendum hvað myndin eigi að vera löng en góð hugmynd væri að leyfa þeim að ráða hvaða atriði eða búi úr sögunni þeir tækju. Val getur haft mjög góð áhrif á andrúmsloftið og leyft nemendum að njóta sín á þeim sviðum sem þeir eru sterkir.
- Nemendur halda sýningu á stuttmyndinni þar sem þeir kynna sig og vinnuna á bakvið hana áður en þeir svo sýna samnemendum sínum myndina sjálfa.
- Sniðugt væri að hlaða myndböndunum inn á youtube.com þar sem fleiri gætu séð afrakstur vinnunnar í lokin.

Markmið: Að nemendur fái góða yfirsýn yfir söguna og geti gert helstu persónum góð skil á sinn eigin hátt. Að þeir þjálfist í að vinna skapandi verkefni saman þar sem hver hefur ákveðnu hlutverki að gegna og allir eru jafn nauðsynlegir svo heildarmyndin komi sem best út en það hefur jákvæð áhrif á samskipti og sjálfstraust nemenda.

Heimildaskrá

- Birna G. Ástvaldsdóttir, Kristbjörg S. Eðvaldsdóttir og Svana Friðriksdóttir. 2001. Kristín Steinsdóttir. Sótt þann 5. júní 2013 af http://mennta.hi.is/vefir/barnung/safn/hofundar/kristin_steins.htm
- Katrín Jakobsdóttir. 2003. „Höfundur á tímamótum - Um barnabækur Kristínar Steinsdóttur“. *Bókmenntir.is*. Sótt þann 20. apríl 2013 af: http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18726/RSkra-84
- Mercer, Neil. 2000. *Words&Minds. How we use language to think together*. Routledge, London.
- Mbl.is*. 1998. „Ný skáldsaga eftir Einar Kárason“. Sótt þann 22. apríl 2013 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/430430/>
- Sjöfn Guðmundsdóttir. 2009. „„Fínt að ,chilla´ bara svona“. Umræður sem kennsluáferð í fyrsta bekk framhaldsskóla.“ *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt þann 20. apríl 2013 af: <http://netla.khi.is/greinar/2009/009/index.htm>
- Úlfhildur Dagsdóttir. 2010. „Ljósa - prinsessa í höll“. *Bókmenntir.is*. Sótt þann 18. apríl 2013 af: http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-23855/
- Wright, Trevor. 2005. *How to be a Brilliant English Teacher*. Routledge, New York.
- Þórunn Blöndal. 2004. „„Málfræðilega mjög góð í stærðfræði“? Um samtöl sem tæki til náms.“ *Skíma. Mál gagn móðurmálskennara*. 2,27: 17–22.